

LÖG**um breyting á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána
til einstaklinga, nr. 63 26. júní 1985.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Með launavísitölu, sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við þá vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir samkvæmt lögum nr. 89/1989. Launavísitala sú, sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum, skal gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Launavísitala samkvæmt lögum þessum skal tengd eldri launavísitölu til greiðslujöfnunar fyrsta dag næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessar vísitölur skulu tengdar.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Jóhanna Sigurðardóttir.***FORSETA BRÉF****um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 112. löggjafarþings, frá 22. desember 1989 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 22. janúar 1990.*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.